

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 1. apríl 2011 í máli nr. X-40/2010:

Cherwell District Council

(Ólafur Eiríksson hrl.)

gegn

Glitni banka hf.

(Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.)

I

Mál þetta var þingfest 23. júní 2010 og tekið til úrskurðar 11. mars 2011. Sóknar aðili er Cherwell District Council, Bretlandi, en varnaraðili er Glitnir banki hf., Sóltúni 26, Reykjavík.

Aðalkröfur sóknaraðila eru:

a) Að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð 2.500.000 sterlingspund með 6.30% samningsvöxtum frá 31. ágúst 2007 til og með 29. mars 2009, samtals að fjárhæð 2.748.979,45 sterlingspund verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl., sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Að krafa sóknaraðila um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 30. mars 2009 til og með 22. apríl 2009 samtals að fjárhæð 43.531,78 sterlingspund verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, en verði ekki fallist á það er þess til vara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 8% vanskilavexti fyrir sama tímabil í samræmi við 17. kafla enskra réttarfarslaga (e. English Judgments Act 1838), samtals að fjárhæð 14.460 sterlingspund, verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, en verði ekki fallist á það er þess til þrautavara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 6.30% samningsvexti fyrir sama tímabil, samtals að fjárhæð 11.388 sterlingspund, verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, en verði ekki fallist á það er þess til þrautþrautavara krafist hvað þennan lið varðar að

vextir að álitum verði staðfestir sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

Að krafa sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

b) Að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð 2.000.000 sterlingspunda með 5.72% samningsvöxtum frá 26. október 2006 til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 2.285.216,44 sterlingspund, verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

Að krafa sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

c) Að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð 2.000.000 sterlingspunda með 5.74% samningsvöxtum frá 6. febrúar 2007 til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 2.253.818,08 sterlingspund, verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

Að krafa sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

Varakröfur sóknaraðila eru:

a) Að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð 2.500.000 sterlingspund með 6.30% samningsvöxtum frá 31. ágúst 2007 til og með 29. mars 2009, samtals 2.748.979,45 sterlingspund, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Að krafa sóknaraðila um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 30. mars 2009 til og með 22. apríl 2009 samtals að fjárhæð 43.531,78

sterlingspund, verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, en verði ekki fallist á það er þess til vara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 8% vanskilavexti fyrir sama tímabil í samræmi við 17. kafla enskra réttarfarslaga (e. English Judgments Act 1838), samtals að fjárhæð 14.460 sterlingspund, verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, en verði ekki fallist á það er þess til þrautavara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 6.30% samningsvexti fyrir sama tímabil, samtals að fjárhæð 11.388 sterlingspund, verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, en verði ekki fallist á það er þess til þrautþrautavara krafist hvað þennan lið varðar að vextir að álitum verði staðfestir sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Að krafa varnaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

b) Að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð 2.000.000 sterlingspunda með 5.72% samningsvöxtum frá 26. október 2006 til og með 22. apríl 2009, samtals 2.285.216,44 sterlingspund, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Að krafa varnaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

c) Að krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð 2.000.000 sterlingspunda með 5.74% samningsvöxtum frá 6. febrúar 2007 til og með 22. apríl 2009, samtals 2.253.818,08 sterlingspund, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Að krafa varnaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Sóknaraðili krefst þess að honum verði, bæði í aðal- og varakröfum, úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðila, auk virðisaukaskatts af málskostnaði.

Dómkröfur varnaraðila eru:

a) Aðallega að kröfu sóknaraðila, nr. CL20091121-1888 í kröfuskrá að lýstri fjárhæð 2.793.548,01 sterlingspund sem umreiknast í kröfuskrá í 533.791.154 krónur verði hafnað sem forgangskröfu, samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð varnaraðila og staðfest verði sú afstaða slitastjórnar varnaraðila að samþykkja höfuðstól kröfunnar að fjárhæð 2.500.000 sterlingspund sem umreiknast í kröfuskrá í 477.700.000 krónur sem almenna kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 auk vaxta frá 31. ágúst 2007 til 22. apríl 2009 að fjárhæð 49.573.318 krónur eða samtals 527.273.318 krónur.

Varnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfu sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009 að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund sem umreiknast í 198.106 krónur vegna ofangreindrar kröfu auk virðisaukaskatts.

b) Aðallega að kröfu sóknaraðila, nr. CL20091121-1870 í kröfuskrá að lýstri fjárhæð 2.286.253,21 sterlingspund. sem umreiknast í kröfuskrá í 436.857.263 krónur. verði hafnað sem forgangskröfu, samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila og staðfest verði sú afstaða slitastjórnar varnaraðila að samþykkja höfuðstól kröfunnar að fjárhæð 2.000.000 sterlingspunda, sem umreiknast í kröfuskrá í 382.160.000 krónur, sem almenna kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 verði staðfest auk vaxta frá 26. október 2006 til 22. apríl 2009 að fjárhæð 54.466.717 krónur eða samtals 436.626.717 krónur.

Varnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfu sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009 að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund sem umreiknast í 198.106 krónur vegna ofangreindrar kröfu auk virðisaukaskatts.

c) Aðallega að kröfu sóknaraðila nr. CL20091121-1819 í kröfuskrá að lýstri fjárhæð 2.254.854,85 sterlingspund, sem umreiknast í kröfuskrá í 430.857.665 krónur, verði hafnað sem forgangskröfu, samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila og staðfest verði sú afstaða slitastjórnar varnaraðila að samþykkja höfuðstól kröfunnar að fjárhæð 2.000.000 sterlingspunda, sem umreiknast í kröfuskrá í 382.160.000 krónur, sem almenna kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, verði staðfest auk vaxta frá 6. febrúar 2007 til 22. apríl 2009 að fjárhæð 48.563.831 krónur eða samtals 430.723.831 krónur.

Varnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfu sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009 að fjárhæð 1.036,77 sterlingspund sem umreiknast í 198.106 krónur vegna ofangreindrar kröfu auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili gerir þær kröfur til vara að ef niðurstaðan verður sú að krafa sóknaraðila teljist innstæða og njóti þannig forgangs byggi hann á því að forgangsréttur krafna sóknaraðila nái aðeins til 20.887 evra eða 3.534.707 króna.

Í öllum tilvikum krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

II

Sóknaraðili er breskt sveitarfélag sem átti í viðskiptum við útibú varnaraðila í London. Snerust viðskiptin um svokölluð heildsölulán eða heildsöluinnlán (e. wholesale deposit). Samkvæmt gögnum málsins komust viðskipti aðila á fyrir milligöngu miðlara. Fyrstu tveir samningar aðila vegna viðskiptanna voru gerðir 26. október 2006, hvor um sig að fjárhæð 2.000.000 sterlingspunda. Þann dag lagði sóknaraðili 2.000.000 sterlingspunda inn á reikning varnaraðila hjá National Westminster Bank PLC. Þá fjárhæð ásamt 5,72% samningsvöxtum átti varnaraðili síðan að greiða inn á reikning sóknaraðila hjá National Westminster Bank á gjalddaga 26. október 2009.

Hinn 6. febrúar 2007 lagði sóknaraðili 2.000.000 sterlingspunda inn á reikning varnaraðila hjá National Westminster Bank PLC. Þá fjárhæð ásamt 5,74% samningsvöxtum átti varnaraðili að greiða inn á reikning sóknaraðila hjá National Westminster Bank á gjalddaga 8. febrúar 2010. Þriðji samningurinn var gerður 14. júní 2007 og var hann að fjárhæð 2.500.000 sterlingspund. Þá fjárhæð lagði sóknaraðili hinn 31. ágúst 2007 inn á reikning varnaraðila hjá National Westminster Bank PLC og skyldi varnaraðili greiða þá fjárhæð ásamt 6,30% samningsvöxtum inn á reikning sóknaraðila í National Westminster Bank á gjalddaga 30. mars 2009.

Ekki kom til greiðslu samkvæmt framantöldum samningum á gjalddögum þeirra þar sem Fjármálaeftirlitið ákvað hinn 7. október 2008 með heimild samkvæmt 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., að taka yfir vald hluthafafundar varnaraðila og skipa honum skilanefnd. Varnaraðila var veitt heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 sem standa átti til 13. febrúar 2009. Var greiðslustöðvunin framlengd hinn 19. febrúar 2009 til 13. nóvember 2009. Áður en sá tími var á enda, hinn 12. maí 2009, var varnaraðila skipuð slitastjórn samkvæmt ákvæðum 4. töluliðar ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 um breyting á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Slitastjórn varnaraðila gaf út innköllun til skuldheimtumanna sem birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði 26. maí 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út sex mánuðum síðar eða 26. nóvember 2009. Frestdagur við slitameðferðina var 15. nóvember 2008 og upphafsdagur slitameðferðar 22. apríl 2009.

Á kröfulýsingarfresti lýsti sóknaraðili kröfum vegna áðurgreindra viðskipta aðila. Krafa með númerið CL20091121-1888 er tilkomin vegna samningsins frá 14. júní 2007, kröfur með númerið CL20091121-1870 og CL20091121-1819 eru tilkomnar vegna samninganna frá 26. október 2006. Hvað höfuðstól krafanna varðar sem og kröfur um vexti og kostnað sem til féll fyrir 22. apríl 2009 krafðist sóknaraðili rétt hæðar samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 en hvað vexti og kostnað sem til féll eftir 22. apríl 2009 varðar vísaði sóknaraðili til rétt hæðar samkvæmt 114. gr. laganna.

Slitastjórn varnaraðila hafnaði forgangsrétti krafna sóknaraðila með þeim rökum að samningarnir hefðu öll einkenni lánasamninga en ekki innlána. Var fallist á að höfuðstóll krafanna væri almenn krafa en kröfum um vexti og kostnað var hafnað sökum vanreifunar.

Með bréfi 14. desember 2009 mótmælti sóknaraðili afstöðu slitastjórnar varnaraðila til krafanna. Á skiptafundi sem slitastjórn varnaraðila hélt 17. desember 2009 var fjallað um ágreining vegna afstöðu slitastjórnar til krafna sóknaraðila og var boðað til sérstaks ágreiningsfundar 4. mars 2010. Ekki tókst að jafna ágreining aðila og með bréfi slitastjórnar varnaraðila 22. mars 2010, sem barst dóminum 31. mars 2010, var krafist úrlausnar dómsins um ágreininginn með vísan til 171. gr., sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991.

Kröfum sóknaraðila var einnig mótmælt af öðrum kröfuhöfum. Þeir komu fram í tveimur hópum og var annar þeirra kenndur við Bayerische Landesbank o.fl. en hinn við ACMO Sarl o.fl. Mótmæltu kröfuhafar þessir kröfum sóknaraðila og voru sammála afstöðu slitastjórnar varnaraðila til krafna sóknaraðila en með öðrum rökum. Í fyrrgreindu bréfi slitastjórnar varnaraðila til dómsins var þess getið að aðilar þessir krefðust aðildar að málinu. Með hliðsjón af ágreiningsefninu töldust kröfuhafar þessir vera varnaraðilar málsins ásamt Glitni banka hf. og skiluðu þeir greinargerðum í málinu 14. október 2010. Í þinghaldi hinn 1. febrúar 2011 féllu allir þessir kröfuhafar frá aðild sinni að þessu máli og stendur því einungis Glitni banki hf. eftir sem varnaraðili í málinu.

III

Sóknaraðili vísar um skilgreiningu á innstæðu til 6. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl. og síðar til 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og til laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta þar sem hugtakið sé skilgreint í 3. mgr. 9. gr. Sóknaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu varnaraðila að innlán sóknaraðila séu ekki innstæður í þessum skilningi. Hugtakið innstæða sé skilgreint með skýrum hætti í lögum um innstæðutryggingar og vísi ákvæði um veitingu forgangsréttar innstæðna til þeirrar skilgreiningar. Í lagalegum skilningi sé ekkert til sem heiti smásölu innlán eða heildsöluinnlán. Geri lög nr. 98/1999 engan greinarmun á tegundum innlána að þessu leyti. Þá séu hugtökin ekki skilgreind eða skýrð í öðrum réttarheimildum og feli orðalagið heildsöluinnlán ekki í sér neina skírskotun til þess að um lán frekar en innlán sé að ræða en öll innlán séu í eðli sínu lán. Innstæðueigandinn sé viðskipta vinur bankans og sé bankanum frjálst að nýta fé sem viðskiptavinir leggi inn í formi innstæðna í almennum viðskiptatilgangi. Banki geti fjármagnað sig á annan hátt til dæmis í gegnum lánalínur, peningamarkaði eða skuldabréf en slík viðskipti séu við aðrar fjármálastofnanir og lúti því öðrum lögmálum.

Sóknaraðili byggir á því að skilyrði þess að innstæða njóti forgangsstöðu samkvæmt lögum nr. 125/2008 sé að hún falli undir skilgreiningu laga nr. 98/1999. Skilyrðin séu að um innlán eða millifærslu sé að ræða, að millifærslan heyri undir

hefðbundna almenna bankastarfsemi og að viðskiptabanka eða sparisjóði beri samkvæmt skilmálum er gildi samkvæmt lögum eða samningum að endurgreiða innstæðueigandanum. Innlán sóknaraðila uppfylli öll þessi skilyrði. Ekki sé unnt að fallast á tilvísun slitastjórnar varnaraðila til jafnræðis og þröngrar túlkunar. Fullkomlega eðlilegt sé að löggjafinn veiti ákveðnum hópum kröfuhafa forgang eins og 112. gr. laga nr. 21/1991 hafi gert til margra ára. Einungis þurfi að ákvarða hvort kröfuhafi falli innan þess hóps kröfuhafa sem forgangs njóti.

Óumdeilt sé að sóknaraðili hafi lagt umrætt fé inn hjá varnaraðila og að varnaraðila hafi borið að endurgreiða sóknaraðila féð ásamt vöxtum. Þá standi eftir skilyrðið um að viðskiptin heyri undir hefðbundna almenna bankastarfsemi. Hugtakið „hefðbundin almenn bankastarfsemi“ sé ekki skilgreint í lögum. Starfsemi samkvæmt starfsleyfi viðskiptabanka gefi hins vegar sterka vísbendingu um hvað í því felist. Meðal heimillar starfsemi sé móttaka innlána. Hugtakið feli hvort tveggja í sér, smásöluinnlán og heildsöluinnlán, enda ekki gerður greinarmunur þar á. Varnaraðili hafi tekið við miklum fjölda innlána. Fyrir liggja að heildarinnlán hafi numið um 8 milljörðum evra árið 2007 og þar af hafi svokölluð heildsöluinnlán numið 5 milljörðum evra í september 2007. Slíkt hafi því heyrt undir hefðbundna almenna bankastarfsemi.

Sóknaraðili hafi lagt fjármuni inn á reikning hjá varnaraðila, sem hafi gefið út staðfestingar um móttöku innstæðnanna. Hver og ein staðfesting hafi innihaldið þá skil mála er gilt hafi um hverja innstæðu sóknaraðila og sé í raun kvittun. Hver og ein staðfesting vísi berum orðum til þess að um innstæðu sé að ræða og tilgreini meðal annars númerið á reikningnum sem innstæðan skyldi lögð inn á, fjárhæð hvernar innstæðu, vaxtaþrósentu og daginn sem innstæðan skyldi vera laus til útborgunar, líkt og venjan sé þegar um bundin innlán (e. term deposit) sé að ræða. Hafi báðir aðilar litið svo á að um væri að ræða innstæður og beri öll samskipti þess ótvíræð merki.

Sóknaraðili kveður lög nr. 98/1999 innleiða ákvæði tilskipunar 94/19/EB í íslenskan rétt. Því beri að túlka lögin með hliðsjón af tilskipuninni. Fyrir gildistöku tilskipunarinnar hafi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hinn 4. júní 1992, sett fram tillögu um að sett skyldi tilskipun um innstæðutryggingakerfi. Í útskýringum með tillögunni komi fram að tillagan hafi tvíþætt markmið, þ.e. að vernda eigendur innstæðna í bönkum og að stuðla að öryggi bankakerfisins í heild sinni. Þá segi í útskýringum að hugtakið innstæða sé hugsað út frá sjónarhóli innstæðueigandans. Megináhersla hafi verið lögð á að tilskipunin hefði eins víðtækt gildissvið og mögulegt væri, því ef hugtakið innstæða væri skilgreint of þröngt, myndi slíkt ganga gegn samræmingu á sviðinu og þeim stöðugleika sem stefnt hafi verið að. Til að vega á móti hinni víðtæku skilgreiningu væru settar fram bæði skyldubundnar og valkvæðar undantekningar.

Þannig séu verðbréf ekki talin til innstæðna samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar og með því sé verið að þrengja inntak hugtaksins innstæða í skilningi tilskipunarinnar. Þá séu eigin sjóðir fjármálafyrirtækis og innstæður í eigu annarra fjármálafyrirtækja undanþegnar tryggingavernd samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar. Hér sé ekki um að ræða þrengingu á hugtakinu innstæða heldur sé hér hópur þeirra innstæðueigenda sem notið fái tryggingaverndar þrengdur. Þá heimili 2. mgr. 7. gr. aðildarríkjum að undanskilja ákveðnar tegundir innstæðna eða ákveðna hópa innstæðueigenda frá tryggingavernd. Hér sé ekki um að ræða þrengingu á hugtakinu innstæða heldur snerti þetta þá flokka innstæðna og innstæðueigenda sem njóti tryggingaverndar.

Sóknaraðili kveður að tilskipunin veiti aðildarríkjum töluvert svigrúm við innleiðingu tryggingakerfis og segi ekki til um efri mörk tryggingaverndar heldur aðeins lágmarksvernd. Einn hópur innstæðueigenda eða innstæðna sem aðildarríkjum sé heimilt að undanskilja tryggingavernd séu innstæður í eigu stærri stofnana og sveitarfélaga á borð við sóknaraðila, sbr. 4. gr. 1. viðauka við tilskipunina. Þannig sé augljóst að slíkar innstæður falli innan hugtaksins innstæða í skilningi tilskipunarinnar. Hafi íslenska ríkið ekki undanskilið slíkar innstæður. Af þessu megi álykta að þessir aðilar njóti verndar sem innstæðueigendur og það hafi ávallt verið ætlunin að innstæður sveitarfélaga og stærri stofnana myndu falla undir skilgreiningu á innstæðu og þar með njóta verndar.

Hefði það verið ætlunin að undanskilja stórar innstæður, eða innstæður sem féllu undir önnur skilgreind viðmið, hefðu þær verið skilgreindar og taldar upp í fyrsta viðauka við tilskipunina, þar sem heimilar undanþágur séu taldar upp. Augljós gagnályktun af því að þær séu ekki undanskildar sé að þær falli einnig innan skilgreiningar tilskipunarinnar.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi ætlað að leggja inn peninga í formi innstæðu og hafi talið sig vera að gera einmitt það. Auk þess hafi varnaraðili staðfest að hann væri að taka við innstæðum frá sóknaraðila. Við þessar aðstæður beri varnaraðili sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi ekki verið að taka við innstæðum. Varnaraðili hafi einn aðgang að upplýsingum sem gætu sýnt fram á það.

Sóknaraðili kveður það rangt sem varnaraðili haldi fram að til þess að um innstæðu geti verið að ræða þurfi hún að vera á sérgreindum reikningi. Sóknaraðili kveðst hins vegar standa í þeirri trú að innstæður hans hafi legið á sérgreindum reikningi, þrátt fyrir að hann hafi hvorki vitneskju um né beri ábyrgð á innri stjórnun varnaraðila að þessu leyti. Í öllu falli eigi slitastjórn varnaraðila ekki í neinum vandræðum með að staðreyna upphæðir innstæðna sóknaraðila út frá bókum varnaraðilans. Um innstæðurnar hafi gilt ákveðnir skilmálar sem ekki hafi verið samið um í hverju tilviki fyrir sig í þeim skilningi að eiginlegar samningaviðræður hafi átt sér stað. Jafnvel þó svo hefði verið hafi það ekki breytt eðli innstæðnanna.

Um ólíkar innstæður gildi ólíkir skilmálar sem taki mið af þeim kjörum sem standi til boða hverju sinni.

Varnaraðili byggi á því að helstu einkenni heildsölu- og peningamarkaðslána séu að aðilar hafi samið í hverju tilviki um skilmála lánsins og hafi kjörin endurspeglad ráðandi markaðsaðstæður og fjármögnunarþörf varnaraðila á samningstímanum. Kveður sóknaraðili að ávallt þegar viðskiptavinur leggi inn fé sem innstæðu sé til staðar ákveðinn samningur um skilmála innstæðunnar sem taki mið af því um hvers konar innstæðu sé að ræða. Allar innstæður séu „lán“ viðskiptavinarins til bankans. Þau kjör sem viðkomandi banki bjóði, t.d. vaxtakjör, ráðist að sjálfsögðu af ráðandi markaðsaðstæðum og öðrum þáttum.

Nálgast verði hugtakið „fjármögnun á peningamarkaði“ varfærnislega, enda megi segja um hvaða viðskiptabanka sem er að hann starfi á „peningamarkaði“ fyrir smá sölviðskiptavini.

Varnaraðili hafi nýtt sér allar færar leiðir til fjármögnunar, þar á meðal með viðtöku innlána frá viðskiptavinum og með þátttöku á fjármagnsmörkuðum. Sóknaraðila, sem sé sveitarfélag, verði ekki líkt við fjármálastofnun. Notkun sóknaraðila á þjónustu miðlara skipti engu máli. Upphæð innstæðna sóknaraðila, og þær aðferðir sem notaðar hafi verið við að leggja þær inn, skipti engu máli um eðli þeirra sem innstæðna. Umræddar innstæðustaðfestingar stingi í stúf við þá gerninga sem notaðir séu á skuldabréfamörkuðum eða í millibankalánastarfsemi og hafi engin einkenni lánasamnings eða verðbréfs.

Varðandi þá fullyrðingu varnaraðila að einungis geti verið um að ræða innstæðu ef um hana gildi staðlaðir skilmálar sem samdir séu einhliða af bankanum kveður sóknaraðili að hvergi sé á þetta minnst í réttarheimildum sem mál þetta varði. Sé staðreyndin sú að lög um innstæðutryggingar geri beinlínis ráð fyrir því að samið sé um skilmála innstæðna. Þannig segi í 3. mgr. 9. gr. laganna að með innstæðu sé átt við innstæðu sem tilkomin sé vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almenntri bankastarfsemi sem viðskiptabanka eða sparisjóði beri að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gildi samkvæmt lögum eða samningnum.

Engar eiginlegar samningaviðræður hafi farið fram þegar sóknaraðili lagði inn fjármunina. Varnaraðili hafi, eins og aðrir bankar sem taki við svokölluðum heildsölu innlánnum, auglýst vaxtakjör sín daglega. Hafi sóknaraðili, og eftir atvikum milligönguaðilar, síðan metið út frá hinum auglýstu skilmálum hvaða innlán og banki uppfylltu viðmið sóknaraðila er hann hugðist leggja inn fé. Hafi því í raun verið um að ræða einfalt og fljótlegt ferli sem sé fjarri því að vera sambærilegt því sem eigi við þegar um lánveitingu sé að ræða þar sem samþykki sveitarstjórnar

hefði verið krafist og um viðskiptin hefði verið gerður flókinn lánasamningur.

Innstæðustaðfestingar þær sem í þessu máli liggi fyrir eigi ekkert skylt með verð bréfum. Þetta séu einfaldlega kvittanir um millifærslu og móttöku fjármuna sem feli ekki í sér eignarheimildir vegna innstæðnanna. Slík skjöl séu ekki framseljanlegir gerningar og geti ekki gengið kaupum og sölum á fjármagnsmarkaði enda felist engin réttindi til innstæðunnar í eignarhaldi kvittunarinnar sem slíkrar. Þá sé orðalagið í umræddum staðfestingum í reynd afar hefðbundið fyrir innlánsviðskipti á borð við þau sem hér um ræði.

Sóknaraðili mótmælir því að forgangur innstæðna takmarkist við 20.887 evrur. Sé andvirði innstæðna að fullu tryggt sbr. 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1999. Fullyrðing varnaraðila um takmörkun forgangs við framangreinda lágmarksfjárhæð sé því í mótsögn við ákvæði laganna og hvernig þau virki í framkvæmd.

Kveður sóknaraðili að ekkert í neyðarlögnum bendi til þess að ætlunin hafi verið að undanskilja heildsöluinnlán stærri fyrirtækja eða stofnana frá forgangi enda væri slíkt til þess fallið að grafa undan því trausti sem markmið laganna hafi skýrlega staðið til að endurheimta og verja. Þá sé enginn greinarmunur gerður á því hvernig innstæður séu til komnar né hver eigi þær, hvorki í lögnum sjálfum né lögskýringargögnum. Lagareglu um forgang innstæðna við slit fjármálafyrirtækis beri að skýra á sama hátt og aðrar lagareglur um forgang krafna við gjaldþrotaskipti, þ.e. samkvæmt orðanna hljóðan.

Verði niðurstaða dómsins á þá leið að innstæður sóknaraðila séu ekki innlán í skilningi 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999, byggir sóknaraðili á því að í öllu falli sé um að ræða millifærslur í skilningi ákvæðisins. Hugtakið millifærsla sé hvorki skilgreint í lögnum né í tilskipun 94/19/EB. Til hliðsjónar megi hins vegar hafa skilgreiningu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1781/2006, um upplýsingar greiðanda sem fylgja skuli við millifærslu, sem innleidd hafi verið á Íslandi með reglugerð nr. 386/2009. Ekki sé deilt um að umræddir fjármunir hafi verið lagðir inn hjá varnar aðila 26. október 2006, 7. febrúar 2007 og 31. ágúst 2007 og að þeir hafi átt að standa sóknaraðila til reiðu á ákveðnum tíma. Því sé ljóst að innstæður sóknaraðila séu í öllu falli tilkomnar vegna millifærslu og njóti sem slíkar forgangs við slit varnaraðila.

Varnaraðili hafi nú viðurkennt að kröfur sóknaraðila beri vexti til gjalddaga þeirra. Vegna kröfu um vexti eftir gjalddaga kveður sóknaraðili að nokkur fjöldi heildsölu innlána, þar á meðal innstæða sóknaraðila er lögð hafi verið inn þann 31. ágúst 2007, hafi verið á gjalddaga á tímabilinu eftir 7. október 2008 þegar varnaraðili hafi

fallið og eftir 24. nóvember 2008 þegar greiðslustöðvunin hafi hafist en fyrir frest dag 22. apríl 2009. Á Íslandi hafi kröfuhafar sem átt hafi kröfur er fallið hafi í gjalddaga fyrir frest dag ekki getað krafist efnda vegna greiðslustöðvunarinnar. Þess vegna telji sóknaraðili að honum beri vextir á kröfuna á tímabilinu milli gjalddaga og frestdags. Ekki virðist deilt um að íslensk lög mæli fyrir um að vexti skuli greiða til og með 22. apríl 2009. Slitastjórn varnaraðila hafni hins vegar kröfu sóknaraðila um íslenska dráttarvexti af höfuðstól kröfunnar á tímabilinu. Slitastjórn varnaraðila hafi einnig hafnað varakröfu sóknaraðila um enska vanefndavexti samkvæmt „Judgments Act 1838”, sem yrði beitt ef um enskt gjaldþrotamál væri að ræða í samræmi við Insolvency Rule 4.93. Verði talið að um samningssamband málsaðila gildi ensk lög og að um vexti fari samkvæmt enskum lögum, einnig í slitameðferð, byggji sóknaraðili á því að ensk lög, þ.m.t. enskar lagaskilareglur, mæli fyrir um að þegar komi að ákvörðun vaxta og fjárhæðar þeirra í íslenskri slitameðferð þá fari um það samkvæmt íslenskum lögum.

Sóknaraðili byggir á því að hvorki lög nr. 21/1991 né önnur sett lög mæli fyrir um hvernig skuli leysa úr vaxtakröfum í aðstöðu sem þessari. Því verði að líta til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ekkert þeirra atriða sem talin séu upp í 2. gr. laganna eigi við. Lög nr. 44/2009 kveði á um vexti sem reikna skuli til og með 22. apríl 2009 en taki þó ekki fram við hvaða vaxtakjör skuli miða. Þess vegna verði að miða við vexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Mælt sé fyrir um í 1. mgr. 5. gr. laganna að vexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. skuli reikna frá gjalddaga. Innstæður sóknaraðila hafi verið á gjalddaga þann 30. mars 2009, 26. október 2009 og 8. febrúar 2010. Lögin ákvarði ekki sérstaka dráttarvexti á erlenda mynt. Þess vegna sé krafa sóknaraðila um dráttarvexti byggð á dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands birti hverju sinni.

Telji dómurinn að ákvarða beri vextina út frá enskum lögum bendir sóknaraðili á að kvittanir vegna innstæðnanna kveði ekki á um hvað gera skuli ef innstæðurnar fáist ekki greiddar út á umsömdum tíma. Samkvæmt enskum lögum geti dómstóll ákvarðað vexti á kröfu sé hún greidd of seint. Grein 35A í Supreme Court Act 1981 heimili dómstólum að ákveða vexti í dómsmáli. Að auki kveði grein 17(1) í Judgments Act 1838 á um að krafa sem dómur sé fallinn um, skuli bera vexti þar til dómnum sé fullnægt og krafan efnd, en í dag séu slíkir vextir 8%. Sóknaraðila hafi hins vegar verið gert ókleift að leita réttar síns í Bretlandi vegna greiðslustöðvunar varnaraðila. Þegar slitameðferð fari fram í Bretlandi eigi sett lög við. Vaxtakrafa vegna ógreiddrar innstæðu sem hefði fallið í gjalddaga fyrir frest dag yrði samþykkt þó engin ákvæði væru í samningum aðila um vexti í slíku tilviki. Í slíkri stöðu myndi innstæðueigandi krefjast lögbundinna vaxtakjara eins og þau yrðu ákveðin í málaferlum til innheimtu kröfunnar. Við slitameðferð í Bretlandi sé ekki hægt að fara í dómsmál til innheimtu krafna á hendur búi. Regla nr. 4.93 (Insolvency Rule) kveði á um að vaxta verði krafist án dóms í slíkum tilvikum. Sömu vaxtakjör gildi og um vexti samkvæmt Judgments Act, þ.e. 8% í dag. Einnig megi rökstyðja að vegna venju í viðskiptum, á borð við þau er liggja að baki innstæðu sóknaraðila, geti ensk lög heimilað að vaxtakjör sé færð inn í samning málsaðila, þannig að vextir að minnsta kosti jafn háir samningsvöxtunum haldi áfram að reiknast eftir gjalddaga, eigi önnur vaxtakjör ekki við.

Sóknaraðili telur að það væri ósanngjarnt, og fæli í sér ólögmæta mismunun kröfu hafa, ef kröfuhafar sem eigi kröfur sem hafi verið á gjalddaga fyrir 22. apríl 2009 fái ekki samþykktu vexti eftir gjalddaga og fram að frestdegi 22. apríl 2009, á meðan kröfuhafar sem eigi kröfur með gjalddaga eftir frestdag fengju samþykktu vexti fram að frestdeginum. Ef samræmis væri ekki gætt sé hætta á að brotið yrði í bága við meginreglu bæði bresks og íslensks gjaldþrotaréttar um jafnræði kröfuhafa. Til að tryggja jafnræði kröfuhafa sé rökrétt að dómurinn ákvarði vexti á tímabilinu og eftir 22. apríl 2009 á sama grundvelli, en þannig myndi enskur dómstóll leysa úr málinu. Ef vextir yrðu ákvarðaðir á kröfur hvers kröfuhafa samkvæmt lögum viðkomandi heimalands myndi slíkt leiða til ójafnræðis milli kröfuhafa. Fallist dómurinn ekki á að ákvarða íslenska dráttarvexti eða vexti samkvæmt vara- og þrautavarakröfu, byggir sóknaraðili á því að ákvarða beri að álitum viðeigandi vaxtakjör á sama hátt fyrir allar samskonar kröfur á tímabilinu.

Varðandi kröfu um kostnað byggir sóknaraðili á því að samþykkja beri kostnað fram að 22. apríl 2009 sem forgangskröfu samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991. Sóknaraðili vísar einnig til þess að tilskipun nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana geri ráð fyrir að íslensk lög gildi um slíka kröfu. Sóknaraðili telur að þótt dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu að ensk lög giltu um samningssamband málsaðila, þ. á m. enskar lagaskilareglur, myndi samkvæmt enskum lögum ákvörðun um viðurkenningu og eftir atvikum upphæð kostnaðar kröfuhafa í íslenskum gjaldþrotaskiptum verða byggð á íslenskum lögum. Þetta leiði af því að umræddur kostnaður sé hluti af nauðsynlegum aðgerðum sóknaraðila til að verja hagsmuni sína í íslensku gjaldþrotamáli og falli ákvörðun um kostnað því undir lög þau er gildi um slitameðferðina, en ekki undir þau lög er gildi um innstæðusamningana. Þá byggir sóknaraðili á því að álitamál um gjaldþrotarétt séu undanskilin Rómarsáttmála um lagaskil á sviði samningaréttar og verði því að horfa til ensks fordæmisréttar (e. Common law) Samkvæmt forðæmisrétti skuli öll mál varðandi fyrirtæki leyst á grundvelli laga þess ríkis þar sem það sé stofnsett. Verði það niðurstaða dómsins að um kröfu sóknaraðila um kostnað fari samkvæmt enskum lögum sé við hæfi að dómurinn ákveði upphæð að álit um, þar sem samkvæmt enskum lögum myndi dómurinn ákvarða þá upphæð.

Vegna kröfu um forgang vaxta og kostnaðar kveður sóknaraðili að samkvæmt gagnályktun frá 1. tölulið 114. gr. laga nr. 21/1991 njóti kröfur um kostnað og vexti fram að úrskurðardegi um gjaldþrotaskipti sömu stöðu og krafan. Þetta hafi Hæstiréttur Íslands ítrekað staðfest.

Verði komist að því að krafa sóknaraðila sé ekki forgangskrafa byggir sóknaraðili á því til vara að hún sé almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Um lagarök vísa sóknaraðilar einkum til ákvæða laga nr. 21/1991, nr. 2/1993, nr. 62/1994, nr. 98/1999, nr. 38/2001, nr. 161/2002, nr. 62/1994 og nr. 125/2008, þá sér staklega ákvæða fyrrgreindra laga sem vísað sé til í umfjöllun um málsástæður sóknaraðila að framan. Þá vísar sóknaraðili til 17., 19., 67. og 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og varðandi málskostnað vísar hann til 1. mgr. 130. gr. laganna og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Um erlend lagarök vísar sóknaraðili einkum til ákvæða ensku sveitarstjórnarlaganna frá 2003 og tengdra reglna, „Supreme Courts Act 1981“, „Judgments Act 1838“, „Insolvency Rule 4.93“, Rómarsamningsins um lagaskil á sviði samningaréttar og til almenns ensks venjuréttar.

IV

Varnaraðili byggir á því að viðskipti að baki heildsölulánum hafi öll einkenni láns samnings eða verðbréfs en ekki innláns. Við mat á því hvort þau viðskipti sem mál þetta taki til teljist lánsamningur eða innstæða sé nauðsynlegt að líta til aðila við skiptanna, einkenna, markmiðs og skilmála sem um þau giltu. Ekki sé til formleg markaðsskilgreining á hugtakinu „innstæða“ og þótt samningur að baki viðskiptum sé kallaður „innstæða“ eða „lán“, hafi það ekki sjálfkrafa í för með sér að gerningurinn teljist innstæða eða lán í skilningi laga. Varnaraðili telur að sönnunarbyrði um staðhæfingar sóknaraðila hvíli á sóknaraðila.

Innstæður séu fjármunir sem einstaklingar eða lögaðilar afhendi innlánsstofnun til varðveislu og/eða til að nota greiðsluþjónustu og almenna bankaþjónustu gegn vöxt um. Féð sé geymt á sérstökum bankareikningi í nafni eigandans. Innstæður séu almennt tækar til útborgunar þegar þess sé krafist og/eða séu bundnar til ákveðins tíma með þeim skilmálum að mögulegt sé að nálgast innstæðuna ef nauðsynlegt sé með tilteknum skilyrðum. Greiðslustaður innstæðu sé hjá viðkomandi banka. Um innstæðuna gildi staðlaðir skilmálar sem samdir séu einhliða af bankanum og eigi við um innstæðuna. Þessum skilmálum kunni bankinn að breyta með tilkynningu til innstæðueigenda án þess að slíkt feli sjálfkrafa í sér gjaldfellingu viðkomandi innstæðu, þrátt fyrir að innstæðan sé bundin til ákveðins tíma. Innstæður hafi ekki fyrir fram ákveðinn gjalddaga en vaxtagjalddagar séu almennt ákveðnir árlega eða mánaðarlega og leggist sú fjárhæð við höfuðstól.

Heildsölulánsviðskiptin sem mál þetta snúist um hafi tiltekin einkenni, meðal annars hvað varði helstu skilmála, tegund og tilgang. Þessi einkenni séu í aðalatriðum hin sömu óháð því hvort lánveitandinn sé sveitarstjórn eða annar fagfjárfestir. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/39EB um markaði fyrir fjármagnsgerninga flokkist sóknaraðili sem fagfjárfestir (e. professional client), sbr. 3. lið viðauka II og sé því ljóst að sem slíkur búi hann yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Sé ljóst að í hverju tilviki sé samið um skilmála lánsins, þ.e. fjárhæð, lánstíma og vexti. Vextir sem boðist hafi af

Þessum lánsviðskiptum hafi almennt verið hærr en þeir vextir sem boðist hafi almennum smásöluinnláns eigendum og hafi ekki staðið öðrum en fagfjárfestum til boða. Heildsölulán varnaraðila hafi verið byggð á samningi milli hans og viðkomandi lánveitanda og hafi kjörin endurspeglad ráðandi markaðsaðstæður og fjármögnunarpörf varnaraðila á samningstímanum. Byggi afstaða slitastjórnar varnaraðila á því að fjármálagerningar þeir sem mál þetta snúist um hafi öll einkenni láns samnings eða veðbréfs en ekki innláns. Sé ljóst að enginn innláns reikningur hafi verið til staðar og enginn réttur til handa lánveitanda til úttektar á lánstímanum nema samið væri um slíkt eftir á.

Varnaraðili vísar til þess að lánveitendur í heildsölulánsviðskiptum hans hafi í miklum meirihluta verið opinberir aðilar. Þá hafi sóknaraðila, í samræmi við lögbundnar leiðbeiningarreglur um fjárfestingar sveitarstjórnar, borið að gera sitt eigið áhættumat á þeim gagnaðilum sem hann hygðist eiga í viðskiptum við.

Varnaraðili kveður að heildsölulánsviðskipti hafi verið ein þeirra leiða sem sóknar aðila hafi staðið til boða til að festa fjármuni sem hafi verið umfram þörf og hámarka arð af því fé. Hafi kröfuhafar á borð við sóknaraðila sem átt hafi í heildsölulánaviðskiptum við varnaraðila almennt átt aðra fjármuni í formi innstæðna á sérgreindum reikningum í öðrum bönkum eða sparisjóðum sem hafi verið ótengdir heildsölulánsviðskiptunum. Sé ljóst að viðskiptin hafi þjónað sem skammtímafjármögnun varnaraðila og sem fjárfestingarkostur fyrir sóknaraðila. Lánveitingar af þessu tagi beri þannig hvorki með sér einkenni né þá þjónustu sem um sé að ræða í tilviki innstæðna á almennum innlánsreikningum, þ.e. öruggan og aðgengilegan geymslustað fyrir fjármuni og greiðsluþjónustu í banka.

Það sem einkenni þau viðskipti sem hér sé fjallað um sé að lánsféð hafi verið óaðgengilegt fram að gjalddaga, líkt og einkenni almennt lán. Þessu grundvallaratriði í samningi aðila hafi verið ætlað að mæta þörf varnaraðila á öruggri skammtímafjármögnun fremur en þörf sóknaraðila á að fá aðgang að fjármuninum. Ekki hafi verið hægt að breyta lánstímanum nema með samþykki beggja og virðist sem hægt hafi verið að semja um greiðslu fyrir gjalddaga en þá gegn greiðslu gjalds eða févítis.

Heildsölulánin hafi komið til að frumkvæði varnaraðila sem liður í þörf hans fyrir skammtímafjármögnun. Af þeim gögnum sem liggja til grundvallar viðskiptum aðila svo og því hvernig heildsölulánaviðskipti almennt hafi verið skilgreind í Bretlandi verði að telja að ekki hafi verið litið svo á að viðskiptin fælu í sér að til hefði orðið innstæða í venjulegum skilningi þess hugtaks. Þrátt fyrir að í sumum þeirra skjala sem fyrir liggja um viðskiptin sé notað orðalagið „bundin innstæða“ (e. fixed deposit) þá sé orðalag þeirra, hvað varði umsamda skilmála og skilgreiningar á stöðu aðila, að mestu leyti sambærilegt því sem almennt tíðkist í láns samningum, veðbréfum eða öðrum sambærilegum fjármálagerningum. Breskar sveitarstjórnir,

yfirvöld og sérfræðingar í fjárfestingum breskra sveitarstjórna í tengslum við heildsölulánsviðskipti sveitastjórna við önnur fjármálafyrirtæki, noti ítrekað hugtök á borð við lán (e. loan), lánveitingar (e. lending), lánalista (e. lending list) og fjárfestingar (e. investments), þegar rætt sé um fjárfestingarheimildir sveitarstjórna.

Það sé hið raunverulega efni samningsins sem komst á með aðilum sem skipti hér mestu máli enda í samræmi við þá meginreglu samningsréttarins að við túlkun samninga beri fyrst og fremst að líta til eðlis samningsins umfram heiti hans þegar ráða eigi í tilætlun og vilja aðila með samningsgerð. Lánessamningur verði ekki talinn innstæða með því einu að kalla samninginn innstæðu.

Ljóst sé að sóknaraðili hafi haft heimild til fjárfestinga í samræmi við þær reglur sem gildi um breskar sveitarstjórnir, þ.m.t. lánveitingar og fjárfestingar í verðbréfum. Fram komi í skýrslu fjármálastjóra sóknaraðila frá 2. júní 2008 að á þeim tíma hafi verið leitað bestu mögulegra vaxtakjara eða að minnsta kosti yfir 5,5%. Þá sjáist á efnahagsreikningi frá 31. mars 2008 að eign sóknaraðila í heildsölulánum varnaraðila geti ekki verið bókað undir liðnum „cash and bank“ þar sem eignin þar sé verulega lág eða 5.000 sterlingspund. Varnaraðili telur að bókfærð eign sóknaraðila í heildsölulánum sé færð undir liðnum fjárfestingar í efnahagsreikningi. Þetta sé stutt í fjárhagsáætlun 2010-2011 þar sem talað sé um íslenskar fjárfestingar (e. Icelandic investments). Þá sé jafnframt rætt um fjárfestingar í tilkynningu á heimasíðu sóknaraðila varðandi fjárfestingar á Íslandi.

Sóknaraðili hafi nýtt sér þjónustu þriðja aðila, miðlara (e. broker) til þess að koma á viðskiptunum við varnaraðila. Miðlarar komi fram sem sérfræðingar í viðskiptum með heildsölulán. Miðlararnir hafi stundum gert gagntilboð þannig að ljóst sé að heildsölulán hafi ekki fasta skilmála sem sérhver fagfjárfestir hafi getað gengið að. Megi ljóst vera að miðlarar hafi gengið út frá því að lánveitandinn væri fagfjárfestir.

Hlutverk matsfyrirtækja sé mikilvægt í heildsölulánsviðskiptum sveitarstjórna við önnur fjármálafyrirtæki þar sem lögbundnar leiðbeiningarreglur um fjárfestingar sveitastjórna tiltaki sérstaklega það skilyrði að þeir gagnaaðilar sem sveitarstjórnir ætli að stunda viðskipti við hafi verið metnir með hátt lánshæfi af matsfyrirtækum (e. credit rating agencies). Þrátt fyrir þær leiðbeiningar hafi breskar sveitarstjórnir lánað íslensku bönkunum sem hafi verið með útibú í Bretlandi á níu mánaða tímabili eftir að matsfyrirtækin hafi varað við fjárfestingum í þeim. Að mati varnaraðila hefði ekki verið þörf á könnun á lánshæfi bankanna í tengslum við heildsölulánsviðskipti ef um hefðbundin innlán hefði verið að ræða. Hafi samningar aðila því öll einkenni lánveitinga frá fagfjárfesti þar sem mat á áhættu fari fram.

Varnaraðili vísar til þess að viðskipti málsaðila styðjist við staðfestingu, útgefna af varnaraðila, sem innihaldi meðal annars skilmála og þau vaxtakjör sem við eigi. Þá liggja einnig fyrir staðfesting miðlara sem sé stíluð á sóknaraðila en nokkur munur sé á þeim eftir því hvaða miðlari eigi í hlut. Tiltekin einkenni séu þó sameiginleg, t.d. yfirlit yfir fjárhæð, tímabil, gjalddaga og vaxtastig. Þá sé notað orðalag sem eindregið bendi til þess að um lánsamning sé að ræða, þ.e. orð á borð við lántaka (e. borrower), lánveitanda (e. lender), viðskipti (e. trade), samningsdag (e. contract date), viðskipti (e. transaction), samningur/samkomulag (e. settlement). Staðfestingar varnaraðila og miðlaranna innihaldi nánast enga þeirra skilmála sem almennt yrðu taldir eiga við um innlánsreikninga. Í staðfestingarskjali miðlara um lánveitingu sóknaraðila til varnaraðila 6. febrúar 2007, sé viðskiptadagur 26. október 2006. Sama eigi við um lánveitingu sóknaraðila til varnaraðila 31. ágúst 2007 en þá hafi viðskiptadagur verið 14. júní 2007. Þessi aðferð geti engan veginn samræmst málalíbúnaði sóknaraðila. Samningur hafi þannig falið í sér þrjár mismunandi dagsetningar, viðskiptadag, gildisdag og gjalddaga, sem einmitt einkenni velflesta lánsamninga. Þannig liggja fyrir að sérstakur samningur hafi verið gerður um viðskiptin áður en lánið var lagt inn á reikning þess banka sem samið hafi verið um að leggja lánið inn á áður en lánsfjárhæðin hafi verið færð inn á reikning varnaraðila.

Sé ljóst að engir staðlaðir samningsskilmálar hafi gilt um heildsölulánsviðskiptin varðandi innstæður, s.s. varðandi stofnun reiknings, inn- og útborganir, vaxtatímabil, þóknanir bankans, kjör og aðra skilmála. Þvert á móti komi einu skilmálar samninganna fram með staðfestingu varnaraðila um að fjármunir hafi verið afhentir varnaraðila í formi láns í tiltekinn tíma. Hafi þeir skilmálar sem til staðar voru verið umsamdir í hverju tilviki fyrir sig.

Enginn bankareikningur hafi verið stofnaður fyrir sóknaraðila í þessum viðskiptum. Sóknaraðili hafi engin gögn lagt fram til stuðnings þeirri fullyrðingu að hann hafi talið sig eiga sérstakan reikning á sínu nafni. Hafi fjármunirnir runnið til varnaraðila í formi láns sem notað hafi verið til að mæta þörf fyrir fjármagn.

Sé orðalag 6. mgr. 9. gr. innstæðulaga borið saman við enskan frumtexta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/19/EB um innlánstryggingakerfi komi í ljós að mikilvægum atriðum hafi verið sleppt við þýðingu tilskipunarinnar yfir á íslensku. Í tilskipuninni segi að „deposit“ geti aðeins tengst ákveðnum reikningi viðkomandi aðila (e. account). Rökrétt sé því að álykta að innstæða geti því einungis tekið til sér greindra fjármuna viðkomandi aðila á reikningi í þeirra nafni. Ekki sé hægt að fallast á þá fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi skilið tilvísun í lánsamningnum sem byrji á stöfunum FD sem reikningsnúmer eða jafngildi þess. Umrædd tilvísun sé númerið á lánsamningnum. Engu alþjóðabankareikningsnúmeri, svokölluðu IBAN (e. International Bank Account Number), sé til að dreifa í tilviki heildsölulána.

Hafi engir eiginlegir innlánsreikningar verið í útibúi varnaraðila í London. Hafi heildsölulánin verið meðhöndluð í sérstöku lánakerfi varnaraðila og færð inn sem lán. Varnaraðili hafi skömmu fyrir hrun hafið umsóknarferli fyrir breskum yfirvöldum vegna stofnunar dótturfyrirtækis í Bretlandi, meðal annars með það fyrir augum að geta boðið upp á almenna innlánsreikninga þar í landi en það hafi hins vegar aldrei komið til framkvæmda.

Varnaraðili bendir á að í tilkynningu Fjármálaeftirlitsins frá 21. nóvember 2008, komi fram að í vinnu við gerð stofnefnahags nýju bankanna hafi verið miðað við að öll innlán í kerfum bankanna flyttust yfir til nýju bankanna óháð því hvaða viðskiptamaður ætti í hlut. Þegar um hafi verið að ræða peningamarkaðslán, sem hafi öll einkenni heildsölulána, hafi verið fylgt þeirri reglu að litið væri á slíkar millifærslur sem innlán nema þegar gagnaðili bankans hafi verið annað fjármálafyrirtæki, en Fjármálaeftirlitið skilgreini sóknaraðila sem fjármálafyrirtæki. Í þeim tilvikum hefði verið litið á slíka millifærslu sem lánveitingu frá fjármálafyrirtæki sem skilin hafi verið eftir í gömlu bönkunum. Þessi aðferð hafi byggt á heildstæðu mati á öllum þáttum og skoðun á ýmsum gögnum sem aflað hafi verið um efni og eðli þessara fjármálagerna.

Að mati varnaraðila hafi viðskipti að baki heildsölulánum öll einkenni verðbréfa en ekki innlána. Varnaraðili telur að samkvæmt 6. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 teljist krafa sóknaraðila til krafna, sem útgefnar séu af viðskiptabanka í formi verðbréfa í merkingu ákvæðisins, og geti því ekki notið forgangs samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991. Lög nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti hafi verið í gildi þegar lög nr. 98/1999 hafi verið sett. Í 3. tölulið 2. gr. laga nr. 13/1996 sé verðbréf skilgreint. Lög nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti hafi leyst lög nr. 13/1996 af hólmi. Núgildandi lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 hafi síðan leyst þau lög af hólmi. Skilgreining þessara laga á hugtakinu verðbréf hafi ekki breyst. Varnaraðili byggir á því að heildsölulánsmarkaður teljist skipulegur markaður í skilningi a-liðar 2. töluliðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007. Þá hafi bæði varnaraðili og þeir miðlarar sem milligöngu hafi haft um viðskiptin verið leyfisskyldir aðilar.

Kröfur sóknaraðila hafi að mati varnaraðila öll megineinkenni verðbréfs. Þær séu framseljanlegar, ekki sé gerð krafa um tiltekið form og feli þær í sér útgefið skjal sem sé ávísun á verðmæti og hafi peningalegt gildi. Kröfur um greiðslu í reiðufé geti talist verðbréf. Tilgangur og efni viðskipta aðila geti talist sambærilegt öðrum tegundum gerninga sem falli undir undantekninguna í lögum nr. 98/1999. Þá hafi verið samið um viðskiptin með milligöngu miðlara á fjármagnsmarkaði en gerningar á slíkum mörkuðum séu framseljanlegir.

Verði ekki fallist á að heildsölulánsviðskipti aðila séu ákveðin gerð lánsþannings eða fjárfestingar sem falli utan gildissviðs laga nr. 98/1999, telur varnaraðili að sérstök þanningsbundin viðtaka á fé og endurgreiðsla þess með fyrir fram ákveðnum vöxtum falli utan hugtaksins innstæða í skilningi 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB. Varnaraðili byggir á því að heildsölulánsviðskipti aðila falli ekki innan skilgreiningar á „innstæðum“ samkvæmt almennri málvenju og textaskýringu. Jafnframt sé byggt á því að ætlun löggjafans hafi ekki verið sú að heildsölulánsviðskipti teldust „innstæður“ samkvæmt innstæðulögum.

Fyrir liggir að íslensk lög hafi ekki að geyma nákvæma skilgreiningu á því hvað teljist til innstæðna og innlána. Skilgreining á innstæðu hafi fyrst komið inn í lög um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993, sem síðar hafi verið breytt með lögum nr. 39/1996. Hugtakið „innstæða“ sé skilgreint í tilskipun 94/19/EB.

Skilgreining á innstæðu í lögum nr. 98/1999 sé í samræmi við megineinkenni „inn stæðu“ sem varnaraðili hafi áður lýst. Skilgreiningin vísi til innstæðna í hefðbundn um skilningi, þ.e. afhending fjármuna á sérgreindan reikning þar sem viðskiptamaðurinn hafi tækifæri til þess að taka út fé þegar hann óski. Skilgreiningin byggir á tilskipun 94/19/EB, sem noti orðalagið „funds left in an account“ til skýringar á því hvað sé innstæða og vísi þannig til þess að til staðar sé sérstakur reikningur.

Skilgreiningarnar í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 og tilskipun 94/19/EB vísi til „hefðbundinnar almennrar bankastarfsemi“. Orðalagið nái ekki til sérhæfðra lána eða fjármögnunar sem sé framkvæmd með samningum við tiltekna tegund fjárfesta, þ.m.t. sóknaraðila. Í því tilviki sé oftast samið um sérstaka skilmála, sem ekki eigi sér stað þegar tekið sé við hefðbundnum innlánnum. Heildsölulánsviðskipti geti ekki talist „almenn bankastarfsemi“ í framangreindum skilningi og „hefðbundin“ innstæða sé háð fyrir fram ákveðnum skilmálum um vexti og stöðluðum skilmálum að öðru leyti sem ekki sé samið um í hverju tilviki fyrir sig.

Þá hafi ætlun löggjafans ekki verið sú að veita kröfuhöfum sem byggir kröfur sínar á heildsölulánsviðskiptum forgang við slitameðferð. Markmið löggjafans með setningu 6. gr. laga nr. 44/2009, sem breytt hafi 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki varðandi réttshæð krafna við slit fjármálafyrirtækis, hafi fyrst og fremst verið að vernda smásöluinnlán og sparifé almennings. Líta beri til þess að öll umræða við setningu laganna, laga nr. 125/2008 og laga nr. 98/1999, bendi skýrt til þess að tryggja hafi átt innstæður sparifjáreigenda en ekki heildsölulán fagfjárfesta. Þessu til viðbótar væri verið að mismuna fagfjárfestum sem veitt hafi varnaraðila lán. Varnaraðili vísar einnig til frumvarps til nýrra laga um

innstæðutryggingar en í frumvarpinu sjálfu og nefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar segi að tilgangur frumvarpsins sé að vernda sparifé almennings en ekki stofnanafjárfesta. Varnaraðili vísar einnig til álitsgerðar þriggja prófessora við lagadeild Háskóla Íslands, dags. 14. nóvember 2008, þar sem komist sé að þeirri niðurstöðu að rök séu til þess að líta fremur á þessi lán sem eina af leiðum fjármálafyrirtækja til þess að fjármagna rekstur sinn, en ekki innlán.

Þá byggir varnaraðili á því að undantekningar frá meginreglu laga nr. 21/1991 um jafnræði kröfuhafa beri að skýra þröngt. Varnaraðili telur að forsaga laga nr. 98/1999 og almennar reglur um jafnræði kröfuhafa geri þá kröfu að dómurinn túlki ákvæði laga nr. 44/2009 um forgang innstæðna þröngt. Skilgreiningin á innstæðu sé ekki skýr og styðji það þá niðurstöðu að hafna beri forgangi krafna sóknaraðila. Þá sé ljóst að í samþykki felist mismunun gagnvart þeim sem lánað hafi varnaraðila fé í öðru formi en heildsölulánum. Varnaraðili vísar um þetta meðal annars til fyrirbyggjandi frumvarps til nýrra laga um innstæðutryggingar og dregur af því þá ályktun að peningamarkaðslán, sem séu ákveðin tegund heildsölulánsviðskipta, falli ekki undir skilgreiningu á innstæðu. Að sömu niðurstöðu hafi fyrrgreindir þrír lagaprófessorar komist í álitsgerð frá 14. nóvember 2008. Varnaraðili vísar einnig til viðbragða stjórnvalda við athugasemdum aðila á fjármálamarkaði við að Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta legði til grundvallar að innlán frá stærri fjárfestum, þar með talin heildsölulán, teldust tryggð innlán hér á landi.

Varnaraðili vísar til þess að við gjaldprotaskipti gildi sú meginregla að jafnræði sé milli kröfuhafa. Í því felist meðal annars að allar kröfur standi jafnt í hópi svonefndra almennra krafna, sbr. 113. gr. laga nr. 21/1991. Frá þessu séu þó gerðar undantekningar í 109. til 112. og 114. gr. laganna. Í dómaframkvæmd hafi frávik af þessu tagi verið túlkuð þröngt. Vegna óskýrleika skilgreiningar á innstæðu og þess vafa sem ríki um hvort heildsölulán teljist innstæða í skilningi laga nr. 98/1999 beri að hafna kröfum sóknaraðila um forgang.

Hvíli sönnunarbyrðin um að krafa sóknaraðila teljist innstæða í skilningi innstæðulaga á sóknaraðila og vísist um það meðal annars til þeirrar meginreglu sem búi að baki ákvæði 117. gr. laga nr. 21/1991.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að krafa sóknaraðila teljist innstæða og njóti af þeim sökum forgangs byggir varnaraðili á því til vara, að forgangsréttur krafna sóknaraðila nái aðeins til fjárhæðar að hámarki 20.887 evrur, sbr. 10. gr. laga nr. 98/1999. Varnaraðili bendir á að innstæður samkvæmt lögum nr. 98/1999 séu einungis tryggðar upp að lögvörðu marki. Hrökkvi eignir sjóðsins ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna skuli greiðslum úr sjóðnum skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 milljónum króna sé bætt að fullu en fjárhæð þessi sé bundin við gengi evru miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Sjóðurinn virðist ekki geta greitt þær fjárhæðir sem innstæðueigendur eigi

tilkall til og geti krafa sóknaraðila því aldrei orðið hærrí en sú krafa sem hann að hámarki gæti fengið úr sjóðnum miðað við stöðu hans þegar sóknaraðili hafi lýst kröfu sinni fyrir honum. Allt umfram þessa fjárhæð skuli einungis bætt hlutfallslega eftir því sem eignir tryggingarsjóðs hrökkvi til. Fjárhæðin 20.887 evrur eða 3.534.707 krónur sé því sú innstæða sem sé raunverulega tryggð, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 98/1999. Fjárhæð umfram það ætti því að hafa stöðu almennrar kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Hafi 6. gr. laga nr. 125/2008, sem lítillega hafi verið breytt með 3. mgr. 6. gr. laga nr. 44/2009, meðal annars verið sett til að tryggja að tryggingarsjóðurinn gæti uppfyllt skyldur sínar. Viðfangsefni laga nr. 98/1999 sé meðferð þeirra greiðslna sem séu tryggðar samkvæmt lögum. Tilvísun til laga nr. 98/1999 í lögum nr. 125/2008 verði því að skilja svo að tryggðar innstæður njóti forgangs samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991. Þær innstæður sem undanskildar séu tryggingu, sbr. 6. mgr. 9. gr. laganna, njóti hins vegar ekki forgangs, sbr. einnig dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 184/2010. Með ákvæði 112. gr. laga nr. 21/1991 sé vikið frá grundvallarreglu laganna um jafnræði kröfuhafa við gjaldþrotaskipti. Af því leiði að ákvæði laga nr. 125/2008 verði ekki skýrt rúmt og hið sama hljóti að gilda um skýringu á inntaki 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

Með fjárfestingu sinni hafi sóknaraðili tekið áhættu sem sé allt önnur en fyrir hefð bundnar innstæður í banka. Sóknaraðili hafi samið um hærrí vexti en gengur og gerist um hefðbundna innstæðueigendur og tekið áhættu af því að fjármunirnir gætu tapast að miklu leyti ef varnaraðili yrði gjaldþrota. Þá sé tryggingarsjóðnum ekki ætlað að tryggja öllum innstæðueigendum og fjárfestum fulla vernd fyrir tjóni sem kunni að verða í áföllum sambærilegum þeim sem orðið hafi á Íslandi í október 2008. Sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind sé í lögum taki mið af því annars vegar að vera nægjanlega há til að tryggja lágmarksneytendavernd og stuðla að stöðugleika fjármálakerfisins og hins vegar að vera ekki svo há að stjórnendur aðildarfyrirtækis freistist til að taka aukna áhættu í trausti þess að ganga megi að tryggingunni lendi fjármálafyrirtæki í greiðsluþroti. Loks séu tryggðar innstæður samkvæmt lögum nr. 98/1999 fyrir hvern innstæðueiganda, ekki fyrir hvern innstæðureikning.

Varnaraðili byggir enn fremur á því að túlka beri innstæðulög á þá leið að höfuðstólsverðmæti einstakra krafna geti numið í mesta lagi lágmarkstryggingunni. Leiði forgangur innstæðna því ekki til þess að áfallnir vextir sem fallið hafi á kröfuna fram að 22. apríl 2009 falli þar undir. Þá nái forgangur ekki til krafna um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009. Hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á grundvöll kostnaðarkröfunnar og sé hún ekki nægjanlega rökstudd. Hafi varnaraðili fengið heimild til greiðslustöðvunar í nóvember 2008 og hafi ekki verið sýnt fram á réttmæti og lögmæti þess að láta varnaraðila bera kostnað sem sóknaraðili hafi stofnað til, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 21/1991.

Um lagarök vísar varnaraðili til laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 44. gr. laga nr. 44/2009, laga nr. 43/1933 um viðskiptabanka og sparissjóði, laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og til eldri laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 og 13/1996, laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/19/EB um innlánstryggingarkerfi, tilskipunar Evrópusambandsins 97/9/EB um bótakerfi fyrir fjárfesta, meginreglu gjaldþrotaskiptaréttar um jafnræði kröfuhafa og meginreglna samningaréttar um túlkun samninga. Kröfu um málskostnað byggir varnaraðili á 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V

Eins og fram er komið snýst meginágreiningur máls þessa um það hvort krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila njóti forgangs við slitameðferð þess síðarnefnda á þeim grunni að krafan sé innstæða í skilningi 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en þar segir að við slit fjármálafyrirtækis gildi sömu reglur og um rétt hæð krafna á hendur þrotabúi, en þó skuli kröfur um innstæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta jafnframt teljast til krafna sem njóta rétt hæðar samkvæmt 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Ákvæði 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 var upphaflega sett með 6. gr. laga nr. 125/2008 en lítillaga breytt í núverandi horf með 3. mgr. 6. gr. laga nr. 44/2009.

Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 njóta kröfur um innstæður samkvæmt lögum nr. 98/1999 þess forgangs við skipti sem hér er deilt um. Tilvísun í framan greindu ákvæði til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 verður ekki skilin á annan veg en að innstæðuhugtakið sé það sama í báð um lögnum og verður að skilja ákvæði þetta svo að einungis tryggðar innstæður samkvæmt lögum nr. 98/1999 njóti forgangs. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 er hugtakið innstæða skilgreint með þeim hætti að átt sé við innstæðu sem sé tilkomin vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparissjóði beri að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gildi samkvæmt lögum eða samningum. Þá segir í síðari málslið ákvæðisins að trygging samkvæmt lögnum nái ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparissjóði í formi verðbréfa.

Við úrlausn þess ágreinings sem hér er uppi reynir á skýringu hugtaksins innstæða samkvæmt fyrrgreindum lögum nr. 98/1999. Með lögum þessum var innleidd tilskipun Evrópusambandsins um tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 97/9EB. Áður höfðu ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/19EB um innlána

tryggingakerfi verið innleidd í íslenskan rétt, þar á meðal sú skilgreining á innstæðu sem nú er að finna í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999. Í íslenskum texta tilskipunar 94/19EB er hugtakið innstæða skilgreint í 1. gr. með þeim hætti að átt sé við innstæðu sem sé tilkomin vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og lánastofnun beri að endurgreiða með skilmálum sem gildi samkvæmt lögum eða samningum, svo og kröfur útgefnar af lánastofnun í formi verðbréfa. Við setningu laga nr. 98/1999 var nýtt heimild tilskipunar 94/19EB til að undanskilja tryggingavernd, skuldabréf, víxla og aðrar kröfur sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa. Þá voru einnig undanskilin tryggivernd, innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og innstæður, verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningabætti.

Samkvæmt hinum enska texta tilskipunar nr. 94/19EB er innstæðuhugtakið skilgreint svo: „any credit balance which results from funds left in an account or from temporary situations deriving from normal banking transactions and which a credit institution must repay under the legal and contractual conditions applicable, and any debt evidenced by a certificate issued by a credit institution.“ Eins og að framan er rakið er íslenskur texti tilskipunarinnar nánast samhljóða hinum íslenska lagatexta tilvitnaðrar 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999. Verður ekki annað séð en að lagaákvæði þetta sé í fullu samræmi við tilskipunina og verður því við úrlausn um hugtakið innstæða stuðst við texta hinna íslensku laga.

Úrlausnarefni máls þessa er að leysa úr því hvort kröfur sóknaraðila skuli flokkaðar sem forgangskröfur samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 á þeim forsendum að viðskipti þau sem áttu sér stað milli aðila falli undir skilgreiningu laga nr. 98/1999 á innstæðuhugtakinu, þ.e. að vera innstæða sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði beri að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gildi samkvæmt lögum eða samningum. Ekki er deilt um greiðsluskyldu varnaraðila á kröfum sóknaraðila í samræmi við þá skilmála sem aðilar sömdu um. Stendur því eftir að skera úr um það hvort greiðslur sóknaraðila til varnaraðila voru innlán eða millifærslur í hefðbundinni almennri bankastarfsemi.

Varnaraðili byggir á því fyrst og fremst að viðskipti aðila séu ákveðin gerð láns samnings eða verðbréfs en ekki innláns og falli því utan gildissviðs laga nr. 98/1999. Í málinu liggja fyrir skriflegar staðfestingar á því hvað aðilar sömdu um og verður ekki séð að ágreiningur sé um efni samninganna. Hinn 26. október 2006 sömdu aðilar um að sóknaraðili legði inn til varnaraðila 2.000.000 sterlingspunda, annars vegar hinn 26. október 2006 og að varnaraðili greiddi þá fjárhæð til baka með 5,72% vöxtum hinn 26. október 2009 og hins vegar sömu fjárhæð hinn 6. febrúar 2007 og að varnaraðili greiddi þá fjárhæð til baka með 5,74% vöxtum hinn 8. febrúar 2010. Þriðji samningurinn var gerður 14. júní 2007 og samkvæmt honum skyldi sóknaraðili leggja 2.500.000 sterlingspund inn til varnaraðila 31. ágúst 2007 og varnaraðili átti að greiða þá fjárhæð til baka með 6,30% vöxtum hinn

30. mars 2009.

Eins og fram er komið lagði sóknaraðili framangreindar fjárhæðir inn til varnaraðila á umsömdum tíma og vegna falls varnaraðila haustið 2008 kom aldrei til þess að hann endurgreiddi sóknaraðila fjárhæðir þessar í samræmi við samninga aðila.

Í skjölum málsins eru nöfn á umræddum viðskiptum á reiki. Er ýmist talað um heildsöluinnlán eða heildsölulán. Þá bera sjálf skjölin vegna viðskiptanna ekki óyggjandi með sér hvers eðlis viðskiptin voru en þau eru á ensku kölluð „FOREX DEPOSIT“. Í íslenskri þýðingu löggilts skjalapýðanda er þetta þýtt „gjaldeyrissinn lán“ og í texta skjalanna þar sem talað er um „deposit type“ er það þýtt sem innláns tegund. Þá kemur fram í staðfestingarskjölum frá miðlurum þeim sem höfðu milligöngu um viðskiptin sem vörðuðu 2.000.000 sterlingspunda að talað er um að sóknaraðili láni varnaraðila umræddar fjárhæðir og er þar „deposit“ þýtt sem innlán. Í staðfestingu frá miðlaranum sem hafði milligöngu um viðskiptin sem vörðuðu 2.500.000 sterlingspund er „fixed deposit“ þýtt sem fast innlán og er þar talað um að sóknaraðili sé lánveitandi og varnaraðili lántaki. Af þessu er ljóst að orðnotkun vegna viðskiptanna á skjölum þessum er misvísandi og því ekki óyggjandi vísbending um hvers eðlis þau voru.

Varnaraðili telur að við mat á því hvort viðskipti þau sem mál þetta tekur til þurfi að líta til aðila viðskiptanna, einkenna, markmiðs og skilmála sem um þau giltu.

Af gögnum málsins er ljóst að sóknaraðili er fjársterkur aðili sem tók ákvörðun um að leggja inn fjármuni hjá varnaraðila sem bauð upp á þennan fjárfestingarkost. Þá liggur fyrir að sóknaraðili er fagfjárfestir samkvæmt skilgreiningu laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti en samkvæmt 9. tölulið 1. mgr. 2. gr. laganna segir að með fagfjárfestum sé átt við viðskiptavini sem búi yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem fylgi. Meðal þeirra sem upp eru taldir í ákvæðinu um hverjir teljist fagfjárfestar eru sveitarstjórnir, en sóknaraðili er breskt sveitarfélag. Þá liggur fyrir að sóknaraðili nýtti sér þjónustu miðlara í viðskiptum sínum við varnaraðila.

Af fyrrgreindri skilgreiningu á hugtakinu innstæða verður ekki ráðið að það skipti máli hver er eigandi umræddrar innstæðu, fyrir utan þá sem sérstaklega eru undan þegnir tryggingavernd samkvæmt lögnum. Í tilskipun 94/19EB er gert ráð fyrir að einstök aðildarríki geti ákveðið að viss innstæðuform eða tilgreindir innstæðueig endur, svo sem sveitarfélög eða stærri fjárfestar, séu undanskildir tryggingavernd Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta en sú heimild var ekki nýtt í lögum nr. 98/1999. Verður ekki séð að sú staðreynd að sóknaraðili hafi verið fagfjárfestir

sem nýtt hafi sér þjónustu miðlara í umræddum viðskiptum eða að honum hafi í samræmi við leiðbeiningarreglur um fjárfestingar sveitastjórnar borið að gera sitt eigið lánsþæfismat styðji það að umrædd viðskipti hafi verið lánsþæfingur en ekki innlán. Þá verður heldur ekki séð að verið sé að mismuna fagfjárfestum með því að gera innstæður að forgangskröfum. Augljóst er að öll innlánsviðskipti eru liður í fjármögnun fjármálastofnana. Verður ekki séð að þau markmið sóknaraðila með þessum viðskiptum, þ.e. a festa fjármuni sem voru umfram þörf og hámarka arð, eða að viðskiptin hafi þjónað skammtímafjármögnun varnaraðila, sýni fram á að umrædd viðskipti hafi verið lánsþæfingur frekar en innlán.

Telja verður að það markmið hafi vegið þungt við stofnun Tryggingarsjóðs inn stæðueigenda og fjárfesta að vernda einstaklinga og minni fjárfesta vegna greiðslu erfiðleika fjármálafyrirtækja. Við stofnun sjóðsins hafa hagsmunir stærri fjárfesta, eins og sóknaraðila, ef til vill verið fjarlægari. Þó er ljóst að það hlutverk sjóðsins að stuðla að almennum fjármálastöðugleika og styrkingu fjármálakerfisins á breiðum grundvelli hefur án efa vegið þungt. Að þessu virtu og þar sem ekkert verður ráðið af lögskýringargögnum um að tilgangur löggjafans hafi verið sá að viðskipti af því tagi sem hér um ræðir nyttu ekki tryggingaverndar verður ekki séð að nein rök hnígi til annars en að skýra umrætt lagaákvæði í samræmi við hljóðan þess.

Í máli þessu liggur fyrir að viðskipti þessi voru ekki bókfærð sem innlán í bókhaldi varnaraðila en varnaraðili kveður þau hafa verið meðhöndluð sem lán. Þeirri full yrðingu varnaraðila, sem fær stuðning í gögnum málsins, um að hann hafi ekki greitt iðgjöld af innborgunum sóknaraðila til Tryggingarsjóðs innlánseigenda og fjárfesta, hefur ekki verið hnekkt. Það að varnaraðili kaus að haga bókhaldi sínu með þessum hætti og að greiða ekki iðgjöld til tryggingarsjóðsins er hins vegar ekki óyggjandi sönnun þess að umræddar innborganir hafi frekar verið lán en innstæður í skilningi framangreinds ákvæðis.

Þá hefur varnaraðili bent á að það sem einkenni þau viðskipti sem hér um ræðir hafi verið að umrædd fjárhæð sem afhent var varnaraðila hafi verið óaðgengileg fram að gjalddaga líkt og einkenni lán. Alkunna er að fjármálafyrirtæki bjóða upp á ýmsar ávöxtunarleiðir í formi innlána, meðal annars bundna reikninga. Sem dæmi um slíkan reikning má nefna svokallaðan fastvaxtareikning Íslandsbanka sem er bundinn óverðtryggður innlánsreikningur. Hægt er að velja lengd binditímans, þ.e. 1, 3, 6 eða 12 mánuði og eru fastir vextir frá stofndegi til loka binditímans, mismunandi eftir binditíma. Að binditíma loknum ráðstafað innstæða sjálfkrafa inn á tilgreindan ráðstöfunarreikning. Er þannig fjárhæð bundinna reikninga á svipaðan hátt óaðgengileg í ákveðinn tíma eins og tilfellið var varðandi þau viðskipti sem hér um ræðir. Verður því ekki fallist á að þótt samningar aðila hafi gert ráð fyrir að umrædd fjárhæð greiddist á ákveðnum gjalddaga geti ekki verið um innstæðu að ræða.

Þá þykir það heldur ekki hafa þýðingu við mat á því hvort um innstæðu eða lán er að ræða að ekki var stofnaður sérstakur bankareikningur um viðskiptin á nafni sóknaraðila. Hér verður að styðjast við orðalag ákvæðisins en samkvæmt því er það ekki skilyrði til að um innstæðu geti verið að ræða að hún sé lögð inn á sérstakan reikning á nafni sóknaraðila. Þá breytir í engu um skilgreiningu á innstæðu hvar greiðslustaður var enda alkunna að unnt er að taka út af tilteknum bankareikningum og leggja inn á þá hvar sem er í heiminum meðal annars með millifærslum í gegnum svokallaðan heimabanka.

Eins og fram er komið sömdu aðilar um þau kjör sem giltu um viðskipti þeirra og verður ekki séð að nokkru máli skipti hvor hafði frumkvæðið að þeim viðskiptum eða hvort miðlarar komu að því að koma viðskiptunum á. Þá verður heldur ekki séð að það skipti máli varðandi viðskipti þessi að ekki hafi um þau gilt staðlaðir samningsskilmálar eða að aðilar hafi samið í hverju tilfelli fyrir sig um skilmála innlánsins, þ.e. fjárhæð, lánstíma og vexti og þar með gjalddaga, en sérstaklega er tekið fram í ákvæði laganna að viðkomandi lánastofnun beri að endurgreiða innlánið samkvæmt skilmálum er gildi samkvæmt lögum eða samningum. Breytir engu í þessu sambandi hvort aðeins fagfjárfestum hafi staðið til boða slíkir samningar sem hér um ræðir og vextir hafi verið háir.

Af þeim skjölum sem fyrir liggja um viðskipti þau sem hér er fjallað um þykir ljóst að aðilar sömdu um að sóknaraðili legði umræddar greiðslur inn á reikning varnaraðila á fyrir fram ákveðnum degi og átti varnaraðili að greiða fjármunina til baka á ákveðnum degi með ákveðnum vöxtum inn á reikning sóknaraðila. Enda þótt samningar hafi í einhverjum tilvikum verið gerðir áður en greiðsla fór fram er það ekki óyggjandi vísbending um að um lánsamning hafi verið að ræða frekar en innstæðu.

Að öllu því virtu sem nú hefur verið rakið þykir ljóst að viðskipti þau sem hér er fjallað um falla innan þeirrar hugtaksskilgreiningar innstæðuhugtaksins að vera innlán eða millifærslur.

Eins og rakið hefur verið byggir varnaraðili á því að umdeild viðskipti teljist í raun vera verðbréf í skilningi síðari málsliðar 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 og falli þannig utan hugtaksins innstæða. Í 2. gr. laga nr. 13/1996, sem í gildi voru við setningu laga nr. 98/1999, kemur fram að verðbréf séu hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjarmunum. Í gildandi lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti kemur fram sú skilgreining á hugtakinu verðbréf í 2. tölulið 1. mgr. 2. gr. að það séu þau framseljanlegu verðbréf sem hægt sé að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði. Þegar framangreint er virt verður ekki á það fallist að þau gögn sem liggja fyrir um viðskipti aðila, um að

sóknaraðili hafi innt af hendi greiðslu til varnaraðila sem varnaraðili skyldi síðan endurgreiða í samræmi við samkomulag aðila, geti talist framseljanleg kröfuréttindi í framangreindum skilningi. Verður því ekki talið að umrædd innlán eða millifærslur geti talist verðbréf í skilningi laga nr. 98/1999.

Eins og rakið hefur verið er það hugtaksskilgreining innstæðu að um sé að ræða innlán eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi. Hvergi er í lögum að finna skilgreiningu á því hvað í slíkri starfsemi felst. Hins vegar er ljóst að skilgreining á því hvað teljist hefðbundin almenn bankastarfsemi breytist í samræmi við þróun og breytingar sem verða á fjármálamarkaði og er því enga einhlíta skilgreiningu að finna á því hvað teljist til hefðbundinnar almennrar bankastarfsemi. Varnaraðili telur að viðtaka bankans á fjármunum í formi heildsölulána hafi í eðli sínu ekki verið viðtaka á innlánnum í hefðbundinni bankastarfsemi. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað í kafla 7.5 um innlán stóru bankanna þriggja. Kemur þar fram að hjá varnaraðila hafi innlán verið nokkuð stöðugur hluti heildarfjármögnunar bankans eða um 25-30% allt frá árinu 2004 og fram að falli bankans. Þá kemur þar fram að innlán sem hlutfall af útlánnum hafi hækkað nokkuð á árinu 2007 þegar bankinn hóf sókn á breskan heild söluinnlánsmarkað. Þar sem ekkert liggur fyrir um annað en að móttaka slíkra heildsöluinnlána hafi fallið undir starfsheimildir viðskiptabanka er lúta að móttöku innlána, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og teljist því hluti af hinni leyfisbundnu starfsemi varnaraðila, verður að líta svo á að hún teljist hefðbundin í skilningi greinds ákvæðis.

Varnaraðili byggir á því að við gjaldþrotaskipti gildi sú meginregla að jafnræði sé milli kröfuhafa og verði að túlka öll frávík frá þeirri meginreglu þröngt. Af dóma framkvæmd verður ekki annað ráðið en að lagareglur um forgang innstæðna við slit fjármálafyrirtækja beri að skýra samkvæmt orðanna hljóðan á sama hátt og aðrar lagareglur um forgang krafna við gjaldþrotaskipti.

Að öllu framansögðu virtu eru innlán eða millifærslur sóknaraðila sem hér um ræðir innstæður í skilningi 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1998 og skulu við slit varnaraðila flokkast sem forgangskröfur samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991.

Varnaraðili telur að forgangur krafna sóknaraðila takmarkist við 20.887 evrur. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 er tryggingarsjóðnum skylt að greiða viðskiptavinum sem krefur aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu andvirði innstæðu ef aðildarfyrirtæki er að álitum Fjármálaeftirlits ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu. Þá segir í 1. mgr. 10. gr. laganna að ef eignir viðkomandi deildar tryggingarsjóðsins hrökkvi ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum skuli greiðslu úr hvorri deild skipt milli kröfuhafa þannig að krafa hvers þeirra allt að 1,7 milljónum króna, bundin við kaupgengi evru 5. janúar 1999, skuli bætt að fullu en

allt umfram það hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkvi til. Í frumvarpi til laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sagði að hlutverk tryggingarsjóðs viðskiptabanka samkvæmt lögum væri að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hafi krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú geti ekki innt af hendi.

Samkvæmt framasögðu verður tryggingarsjóðurinn ekki krafinn um greiðslu umfram 1,7 milljónir króna, bundnar við evru, hrökkvi eignir hans ekki til, en sjóðnum ber hins vegar að greiða innstæðu að fullu svo fremi eignir hans hrökkva til. Greiðist krafa sóknaraðila að fullu við slitameðferð varnaraðila mun ekki koma til þess að hann eignist kröfu á sjóðinn. Því breytir lágmarksfjárhæð sem innstæðueigendum er tryggð samkvæmt lögum nr. 98/1999 engu um að forgangur kröfu sóknaraðila tekur til allrar kröfu hans. Verður því ekki fallist á það með varnaraðila að forgangur takmarkist við umrædda lágmarksfjárhæð.

Ekki er ágreiningur með aðilum að um slitameðferð varnaraðila skuli gilda íslensk lög, sbr. 2. mgr. 99. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þar með um það hvar skipa skuli kröfum sóknaraðila í réttindaröð. Ekki verður af málatilbúnaði aðila ráðið að ágreiningur sé um fjárhæð krafna sóknaraðila að öðru leyti en snýr að vöxtum frá gjalddaga og fram til upphafs dags skipta og kostnaði sem sóknaraðili kveður hafa fallið á kröfuna fyrir upphafs dag skipta. Varnaraðili hafði hafnað öllum vaxtakröfum sóknaraðila en hefur við meðferð málsins samþykkt að kröfur sóknaraðila beri samningsvexti. Aðila greinir hins vegar á um hvaða lög eigi að gilda um kröfur sóknaraðila að efni til en óumdeilt er að hér sé um að ræða einkaréttarlega samningsskuldbindingu í skilningi laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar.

Hvað snertir vexti er einungis ágreiningur um þá kröfu sóknaraðila sem er að fjárhæð 2.500.000 sterlingspund þar sem gjalddagi hennar var 30. mars 2009, þ.e. fyrir upphafs dag skipta. Hinar tvær kröfurnar eru með gjalddaga eftir upphafs dag skipta. Sóknaraðili byggir á því aðallega að hann eigi rétt á dráttarvöxtum á kröfuna frá gjalddaga hennar fram til upphafs dags skipta samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðbætur. Varnaraðili hefur við meðferð málsins samþykkt að sóknaraðili eigi rétt á samningsvöxtum á kröfuna, þ.e. 6,30% ársvöxtum á þessu tímabili. Af málatilbúnaði varnaraðila verður ekki með vissu ráðið á hverju hann byggir þessa afstöðu sína en við aðalmeðferð málsins kom fram að hann teldi að bresk lög ættu að gilda um kostnaðar- og vaxtakröfur sóknaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar segir að hafi samningur ekki að geyma ákvæði um það hvers lands lögum skuli beita skuli beita lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Samkvæmt 2. mgr. skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem aðili hefur aðalstöðvar sínar. Ef samningur er gerður í tengslum við atvinnu

eða atvinnurekstur viðkomandi skuli litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá sem aðalskylduna beri hafi aðalstarfsstöð sína. Ef efna á samning samkvæmt ákvæðum hans á annarri starfsstöð en þar sem aðili hefur aðalstarfsstöð sína skal beita lögum þess lands þar sem starfsstöð er. Í þeim skjölum sem fyrir liggja í málinu og varða umdeild viðskipti aðila kemur ekki fram hvaða lögum skuli beita. Hins vegar liggur fyrir að viðskipti aðila áttu sér stað í gegnum útibú varnaraðila í London og greiðslur áttu að fara í gegnum bankareikninga aðila í Bretlandi. Samkvæmt því ber að beita breskum lögum um kröfur sóknaraðila, þar með um rétt hans til að krefjast vaxta og kostnaðar á kröfurnar.

Samkvæmt minnisblaði Morrison og Foerster, sem hefur að geyma yfirlit um ákvæði evrópskra laga um vexti og kostnað og lagt hefur verið fram í íslenskri þýðingu löggilts skjalapýðanda, eru meðal annars rakin ákvæði um vexti samkvæmt breskri reglugerð um greiðsluþrot frá 1986. Verður ekki séð að ágreiningur sé með aðilum um efni þessara reglna.

Í 93. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um á hvaða grunni kröfuhafi við gjaldþrotaskipti geti krafist vaxta af skuld. Þar segir í 1. tölulið ákvæðisins að þegar samþykkt krafa beri vexti verði þeir samþykktir sem hluti skuldarinnar að undan skildum þeim hluta vaxtanna sem falla í gjalddaga eftir upphafsdeg skipta. Í 2. tölulið segir að við eftirfarandi aðstæður geti kröfur tekið til vaxta á skuld vegna tímabils fyrir upphafsdeg skipta enda þótt þeir hafi ekki verið áskildir eða fyrir fram umsamdir. Í 3. tölulið segir að ef skuldin byggir á skriflegu skjali og er gjaldkræf á tilteknum tíma verði krafist vaxta fyrir tímabilið frá þeim degi til viðkomandi dags. Þá segir í 6. tölulið að vextir sem krafist verði samkvæmt 3. tölulið, séu þeir vextir sem gildi samkvæmt 17. gr. breskra laga um dóma frá 1838 á upphafsdegi skipta en þeir eru samkvæmt gögnum málsins 8% ársvextir. Samkvæmt þessu verður fallist á varavaxtakröfu sóknaraðila um 8% vexti á kröfu hans frá 30. mars 2009 til 22. apríl 2009.

Samkvæmt 1. tölulið 114. gr. gjaldþrotaskiptalaga eru kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu samkvæmt 112. eða 113. gr. sem hafa fallið til eftir að úrskurður gekk um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta eftirstæðar kröfur. Með gagnályktun frá þessu ákvæði verður vaxtakrafa sóknaraðila fram til 22. apríl 2009 viðurkennd með kröfunni sem forgangskrafa.

Sóknaraðili gerir kröfu um kostnað vegna allra þriggja samninganna. Kveðst hann hafa orðið fyrir tilgreindum kostnaði vegna nauðsynlegra aðgerða hans til að verja hagsmuni sína í íslensku gjaldþrotamáli. Samkvæmt fyrrgreindu yfirlitsblaði Morrison og Foerster kemur fram að almenna reglan samkvæmt reglugerðinni um greiðsluþrot frá 1986 sé að sérhver kröfuhafi skuli bera kostnaðinn af því að sanna kröfur sínar en að dómstólar hafi heimild til að úrskurða um kostnað. Samkvæmt

kröfulýsingum sóknaraðila er um að ræða lögfræðikostnað, þar með talinn kostnað vegna funda og bréfaskipta við skilanafnd varnaraðila og ýmsa opinbera íslenska aðila. Ekki verður af gögnum málsins ráðið með vissu hvernig fjárhæð umrædds kostnaðar er fengin eða hvenær til hans var stofnað. Þegar það er virt og með hliðsjón af því að ein af kröfum sóknaraðila gjaldféll eftir frestdag og eftir að varnaraðili var kominn í greiðslustöðvun og tvær eftir upphafs dags skipta verður ekki séð að nauðsyn hafi borið til að leggja út í umræddan kostnað nema að því leyti sem sóknaraðili þurfti að sanna kröfur sínar. Þykir sóknaraðili því ekki hafa sýnt fram á það með haldbærum gögnum að hann eigi réttmæta kröfu á hendur varnaraðila að þessu leyti og verður henni því hafnað.

Við aðalmeðferð málsins vakti varnaraðili athygli dómsins á því að dómstólum bæri skylda til að fjalla um málsástæður tengdar stjórnskipulegu gildi almennra laga, óháð réttarfarsreglum og nefndi hann að 6. gr. laga nr. 125/2008, sbr. lög nr. 44/2009, sem gerðu innstæður að forgangskröfum kynnu að brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem og jafnræðis- og meðalhófsreglu hennar. Kom fram hjá varnaraðila að ekki væri um að ræða nýjar málsástæður af hans hálfu heldur væri einungis um að ræða ábendingu til dómsins. Sóknaraðili mótmælti því að slíkar málsástæður kæmust að þar sem þær væru of seint fram komnar. Enda þótt varnaraðili hafi ekki byggt á þessum málsástæðum í málatilbúnaði sínum þykir engu að síður rétt að huga að þeim þar sem þær varða stöðu almennrar löggjafar gagnvart stjórnarskrá, en þó aðeins þeim ákvæðum laganna sem lúta að forgangi innstæðna.

Hin svokölluðu neyðarlög nr. 125/2008, sbr. lög nr. 44/2009, voru sett þegar við íslensku efnahagslífi blasti algert hrun. Voru löggin viðbrögð til þess að draga úr samfélagslegu tjóni af völdum fjármálakreppunnar og endurreisa starfhæft bankakerfi. Þegar litið er til þeirra aðstæðna sem ríktu í íslensku samfélagi, þegar löggin voru sett, verður ekki talið að lagasetning þessi hafi gengið lengra en efni stóðu til og þörf var á. Þá verður ekki séð, í ljósi þeirra aðstæðna sem að ofan er lýst, að með setningu þeirra hafi verið brotið gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrár eða jafnræðisreglu hennar.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið er það niðurstaða þessa máls að kröfur sóknaraðila eru viðurkenndar sem forgangskröfur eins og þær eru fram settar með þeim breytingum sem að framan greinir varðandi kostnað og vexti fram til upphafs dags skipta eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Með vísan til þess að veruleg vafaatriði þykja vera fyrir hendi í máli þessu þykir rétt með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Ólafur Eiríksson hrl. en af hálfu varnaraðila flutti málið Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.

Úrskurð þennan kveða upp héraðsdómararnir Greta Baldursdóttir, sem dómsformaður, Ingveldur Einarsdóttir og Ásgeir Magnússon.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Eftirfarandi kröfur sóknaraðila, Cherwell District Council, eru viðurkenndar sem forgangskröfur samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila Glitnis banka hf.:

- a) Krafa í kröfuskrá nr. CL20091121-1888 að fjárhæð 2.748.979,45 sterlingspund með 8% ársvöxtum frá 30. mars 2009 til 22. apríl 2009.
- b) Krafa í kröfuskrá nr. CL20091121-1870 að fjárhæð 2.285.216,44 sterlingspund.
- c) Krafa í kröfuskrá nr. CL20091121-1819 að fjárhæð 2.253.818,08 sterlingspund.

Málkostnaður fellur niður.

Greta Baldursdóttir

Ingveldur Einarsdóttir

Ásgeir Magnússon